



Kepptu á ríffilmóti Þýskalandi

Í október var því fagnað að 32 ár voru liðin frá því að Skotfélag Snæfellsnes var formlega stofnað. Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá félaginu undanfarnin ár og framkvæmdir á skotæfingarsvæði félagsins sem er í Hrafnkelsstaðabotni í Kolgrafafirði. Félagsmenn hafa aldrei verið fleiri, en samkvæmt nýuppfærðu félagatali eru um 150 félagar skráðir í félagið.

Félagsmönnum í Skotfélagi Snæfellsness bauðst fyrir á þessu ári að taka þátt í árlegu ríffilmóti í Hamminkelni í Þýskalandi. Mótið var haldið í lok október og tveir félagsmenn úr félaginu fóru á mótið ásamt fjórum félagsmönnum úr Skotfélagi Kópavogs, tveir úr hópnum hlutu verðlaun fyrir árangur sinn á mótinu.

Nánar er fjallað um mótið inni í blaðinu.



Íslenski hópurinn: Frá vinstri: Jón Ingi Kristjánsson, Davíð Bragi Gígja, Guðbjörg Marta Pétursdóttir, Heiða Lára Guðmundsdóttir, Pétur Már Ólafsson og Pawel Radwanski.



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Jólamót HSH 2019

HSH heldur hið árlega jólamót í frjálsum íþróttum innanhúsi í íþróttahúsi Stykkishólms, sunnudaginn 24. nóvember 2019. Mótið hefst kl. 10:30

Keppt er í eftirfarandi flokkum og grænum:

- 8 ára og yngri: Langstíkki með og án atrennu og 25m hláup
- 9 - 13 ára: Langstíkki með og án atrennu, hestökki og 25m hláup
- 11 - 12 ára: Langstíkki með og án atrennu, hestökki, kúlvargi og 25m hláup
- Í flokkum 13 - 14 ára, 15 - 16 ára og 17 ára og eldri: í sömu grænum og 11-12 ára

Skráning:

Kristín Hála, símanr. 800-3043 / netfang: kh270673@gmail.com

Fríthjóla Búi, símanr. 844-9102 / netfang: umf@shs.is

Davíð Einar, símanr. 845-5700 / netfang: david@einar1@gmail.com

Skráningu lýkur fimmtudagkvöldið 21. nóvember kl. 21:00

Hökkum til að sjá ykkur í jólaskepi
Frjálsþróttaráð HSH

JÓLAMÓT
24.11.2019



Hátíðarmatseðill

LÉTTSTEIKTUR TÚNFISKUR „TATAKI“
Engifer, sesam & wasabi

RAUÐRÓFU CARPACCIO
Geitaostur, heslihneter & mandarínu vinaigrette

ANDALÆRI „CONFIT“
Perur, kartöflukrem & soðgljái

EPLA CRUMBLE
kanill, karamella & vanillús

Verð: 9.990 kr

Dagssetningar í boði

Föstudagurinn	29. nóvember
Laugardagurinn	30. nóvember
Föstudagurinn	6. desember
Laugardagurinn	7. desember

Pantanir í síma: 436-1026 & restaurantvidvik@gmail.com

Ungbarnastofa fyrir 12-18 mánaða

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 10. október síðastliðinn að koma á fót ungbarnastofu á leikskólanum Kriubóli. Kriuból er önnur tveggja starfsstöðva Leikskóla Snæfellsbæjar og er staðsett á Hellissandi. Hófst verkefnið strax fjórum dögum síðar en þetta er tilraunaverkefni þar sem börnum 12 til 18 mánaða er boðin skólavist. Voru börn af biðlista tekin inn á leikskólann. Með tilkomu þessa nýja úrræðis eru því þrír valmöguleikar í boði fyrir nýbakaða foreldra í Snæfellsbæ. Geta foreldrar 9 til 18 mánaða barna sótt um svokallaðar heimgreiðslur eftir að fæðingarorlofi lýkur og þangað til barn fær vist á leikskólann. Bæjarfélagið býður líka upp á niðurgreiðslur vegna barna í vistun hjá viðurkenndum dagforeldrum, þó í dag sé enginn slíkur starfandi í Snæfellsbæ, og svo þessi nýja viðbót.

Er það ætlun bæjarfélagsins fyrst og fremst að höfða til foreldra ungra barna, koma til móts við þá og gera samfélagið meira heillandi fyrir barnafólk. Ungbarnastofan verður eingöngu starfrækt á Hellissandi og er tilraunaverkefni sem nú þegar er hafð eins og áður segir. Vonast bæjaryfirvöld og stjórnendur leikskólanna til



þess að með þessu sé verið að koma til móts við þarfir þeirra foreldra sem þurfa að snúa aftur til vinnu að loknu fæðingarorlofi enda misjafnt hvað hentar hverri og einni fjölskyldu.

Hefur verkefnið farið mjög vel af stað að sögn Ingigerðar Stefánsdóttur leikskólastjóra og allt gengið vel þennan tíma sem liðin er frá því að fyrstu tvö börnin voru tekin inn. Er dagskrá leikskólans aðlöguð að börnunum á þessari deild og fá þau sem dæmi hádegismat korter í 11 og fara fyrir í hvíld til að leggja sig en hin börnin.

Þegar börnin hafa svo náð 18 mánaða aldri geta foreldrar valið hvort börnin fara inn á starfsstöðvarnar í Ólafsvík eða Hellissandi. Verður fyrst um sinn

hægt að taka við sjö börnum á ungbarnastofuna og þar verða tveir starfsmenn.

þa

Blindhæðin fjarlægð



Endurbætur á Þjóðvegi 54 Snæfellsnesvegi við Kirkjufell og Kirkjufellsfoss standa nú yfir. Það er Vegagerðin sem stendur fyrir þessum framkvæmdum og verður vegurinn tekinn niður og lækkaður í brekkunni austan við aðkomuvegin að nýja bílastæðinu við Kirkjufellsfoss. Efni er tekið ofarlega í brekkunni en neðst í brekkunni er bætívegin, mun blindhæðin því hverfa og

umferðaröryggi aukast verulega á þessum stað. Vegfarendur eru beðnir um að sýna tillitssemi á meðan á þessum framkvæmdum stendur en unnið er á annarri akrein í einu. Vegagerðin hefur yfirumsjón með þessarri framkvæmd en ýmsir verktakar á Snæfellsnesi vinna að henni, er áætlað að þeim ljúki fyrir mánaðarmótin nóvember/ desember.

þa



Aðalfundur Golfklúbbsins Vestarr verður haldinn í Kaffi 59, 8. desember kl. 16.00

- Hefðbundin aðalfundardagskrá samkvæmt lögum félagsins.
- Ákvörðun um félagsgjöld
- 25 ára afmæli Vestarr, afmælisferð
- Önnur mál

Stjórn Vestarr

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Félagsmenn Skotfélags Snæfellsness kepptu á ríffilmóti í Þýskalandi

Snemma á þessu ári bauðst þeim Heiðu Láru og Péttri Má frá Skotfélagi Snæfellsness að fara til Hamminkeln í Þýskalandi og taka þátt í árlegu ríffilmóti í BR50. Pétur Már og Heiða Lára hafa verið mjög dugleg við að keppta á þessu ári, en það sem af er ári hefur Pétur keppt á 40 mótum og Heiða Lára á 41 móti. Þau keppta bæði undir merki Skotfélags Snæfellsness en æfa einnig með Skotfélagi Kópavogs. 56 keppendur voru skráðir til keppni í móti í Þýskalandi og þar af voru 6 íslenskir keppendur, tveir frá Skotfélagi Snæfellsness og 4 frá Skotfélagi Kópavogs. Keppt var í tveimur flokkum, Light-Varmint og Heavy-Varmint flokki og var okkar fólk skráð í báða flokka. Flogið var út til Dusseldorf þann 23. október síðastliðinn og þaðan var svo haldið til Hamminkeln í KKS Brunen klúbbinn, þar sem keppnin fór fram.

Á föstudagsmorgni voru rífflarnir vigtaðir og svo gerðu keppendur sig klára fyrir keppni, en keppnin sjálf stóð yfir í 3 daga og var verðlaunaafhendingin að loknum þriðja keppnisdegi. Heiða og Pétur kepptu bæði í blönduðum flokki en í HV flokki voru einnig veitt verðlaun fyrir bestan árangur í flokki kvenna og gerði Heiða

Lára sér lítið fyrir og vann til silfurverðlauna.

Að sögn Heiðu Láru og Péturs var mótið í Þýskalandi mjög vel skipulagt og mjög skemmtilegt og fræðandi. Þetta var í fyrsta skipti sem keppendur frá Skotfélagi Snæfellsness keppta í nafni félagsins á erlendri grund, en að móti loknu var Heiðu og Péttri boðið að koma á alþjóðlegt mót sem haldið verður í Frakklandi í byrjun júní 2020 og í september á landamærum Frakklands og Lúxemborgar. Vonandi er þetta bara upphafið að einhverju meira og stærra og vonandi munum við sjá fleiri félagsmenn frá Skotfélagi Snæfellsness keppta á stórum mótum í framtíðinni.

Okkar félagsmenn hafa undanfarin ár verið að skapa sér nafn í skotiþróttinni og félagið hefur fengið mikla athygli bæði hérlendis og erlendis frá, fyrir mikla uppbyggingu í félaginu. T.d. hafa erlendar stórskyttur sýnt því áhuga á að fá að halda hér fjölþjóðlegt stórmót í ríffilskotfimi, en æfingarsvæðið okkar hefur mikla sérstöðu hvað lengd varðar og er einstaklega hentugt fyrir ríffilskotfimi. Skotfimi er mjög vaxandi íþrótt og getur verið mjög skemmtilegt fjölskyldusport þar



Guðbjörg Marta brons, Heiða Lára silfur og Margret frá Þýskalandi gull

sem ekki er spurt um aldur eða kyn. Til gamans má geta að elsti keppandinn á mótinu í Þýskalandi sem kom frá Bretlandi er 93 ára.

Við óskum Péttri og Heiðu til hamingju með glæsilegan árangur í Þýskalandi.

Jón Pétur Pétursson



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

UMF VÍKINGUR

FUTSAL 2019-20
* Íslandsmót

Sunnudag 17. nóvember
Íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Undanriðill fyrir
Íslandsmótið í Futsal fer
fram í Ólafsvík sunnudaginn
17. nóv og hefst klukkan
12:30

Mótherjar Víkings Ó.:
Kría
Björninn
Ellídi

Aflabrögð

Dagana 4. til 10. nóvember var landað alls 261 tonni í Snæfellsbæ í 61 löndun. Þar af var landað 147 tonnum í 42 löndunum í Ólafsvíkurhöfn og 114 tonnum í 19 löndunum í Rifshöfn. Ekkert er landað á Arnarstapa, enda höfnun lokuð þar sem dýpkunarframkvæmdir standa yfir.

Hjá dragnótabátunum landaði Magnús SH 23 tonnum í 2, Saxhamar SH 19 tonnum í 1, Egill SH 16 tonnum í 4, Steinunn SH 15 tonnum í 5, Esjar SH 11 tonnum í 1, Ólafur Bjarnason SH 9 tonnum í 4, Matthías SH 7 tonnum í 3, Guðmundur Jensson SH 5 tonnum í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 5 tonnum í 4 og Gunnar Bjarnason SH 4 tonnum í 2 löndunum.

Hjá litlu línubátunum landaði Tryggvi Eðvarðs SH 31 tonni í 4,

Stakkhamar SH 20 í 2, Gullhólmi SH 19 tonnum í 4, Rán SH 18 tonnum í 4, Landey SH 14 tonnum í 4, Signý HU 10 tonnum í 2, Kvika SH 10 tonnum í 3, Sverrir SH 10 tonnum í 3, Katrín GK 8 tonnum í 2 og Lilja SH 6 tonnum í 2 löndunum.

Einn handfærabátur landaði þessa daga í Snæfellsbæ Jóa II SH landaði 1 tonni í 2 löndunum.

Í Grundarfirði lönduðu botnvörpubátarnir einu sinni hver þessa daga, Hringur SH landaði 68 tonnum, Runólfur SH 65 tonnum, Farsæll SH 52 tonnum og Sigurborg SH 48 tonnum. Alls komu því 234 tonn á land í Grundarfjarðarhöfn í 4 löndunum.

þa

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

OPNAÐ HEFUR VERIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar
Verkefnastyrkir til menningarmála
Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála

RAFÆRN UMSÓKNARGÁTT

Á vef SSV er rafræn umsóknargátt
Kynnið ykkur vel reglur og viðmið varðandi styrkveitingar
Allar nánari upplýsingar á www.ssv.is

AÐSTOÐ VIÐ UMSÓKNIR

Atvinnu- og nýsköpunarverkefni:

Ólafur Sveinsson olisv@ssv.is 892-3208
Ólöf Guðmundsdóttir olof@ssv.is 898-0247
Helga Guðjónsdóttir helga@ssv.is 895-6707

Menningarverkefni:

Sigursteinn Sigurðsson sigursteinn@ssv.is 698-8503



SÖKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Komdu þinni
hugmynd í
framkvæmd

Umsóknarfrestur til miðnætis
12. desember 2019

Blóðsykursmæling



Í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra 14. nóvember munu lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ í samstarfi við Heilsugæslustöðina bjóða íbúum Snæfellsbæjar upp á mælingu á blóðsykri auk þess sem hægt verður að mæla blóðþrýsting.

**Fimmtudaginn 14. nóvember kl. 13 - 16
í Áttagastofu Snæfellsbæjar**

Allir eru hvattir til að mæta!



HEILBRIGÐISSTOFNUN
VESTURLANDS
ÓLAFSVÍK

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Guðspjónusta og aðalfundur

Sú síðasta á kirkjuárinu í Ólafsvíkirkirkju er á sunnudag klukkan 14.

Framhaldsaðalsafnaðarfundur verður eftir guðspjónustu um kl. 15:30.

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

